

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Bjargshverfi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 8. október 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Bjargshverfi, nýtt íbúðarhverfi vestan Ytri-Rangár á Hellu. Gert er ráð fyrir allt að 100 íbúðareiningum í mismunandi tegundum húsa, einbýlis-, par- og raðhúsum. Gerð er grein fyrir tengingum við aðra vegi og samgöngum innan svæðisins. Tengslum við þéttbýlið austan Ytri-Rangár eru gerð skil með áformuðum göngubrúum og göngustígum. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 19. desember 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026